

Skýrsla stjórnar Vatns- og fráveitufélags Íslands, flutt munnlega á ársfundi félagsins þann 28. maí 2025.

Kæru félagar í Vatns- og fráveitufélaginu,

Gaman að sjá ykkur öll hér í dag. Ég ætla að stikla á stóru yfir helstu þætti úr starfi félagsins og viðfangsefni okkar félaga, sem hefur verið rætt um á miðlum félagsins.

Líkt og undanfarin ár hefur fræðslustarf okkar verið fyrirferðarmikið. Aðalfundur síðasta árs var haldinn samhliða vísindaferð í verksmiðju Lýsis á Granda. Starfsemin þar tengist báðum hliðum geirans okkar á skemmtilegan hátt. Til dæmis notast Lýsi við áhættugreiningu og mikilvægar eftirlitsstöðvar, svipað og við gerum í neysluvatnsöflun og dreifingu. Auk þess hefur Lýsi lagt sig fram við að hindra fitu- og olíulosun í fráveitutenginguna sína—og skilað góðum árangri.

Við höfum einnig stutt við nýstofnað Fagfélag um mengun á Íslandi, FUMÍS, sem mætti kalla einskonar systurfélag okkar. Mengun í vatni og jarðvegi tengist bæði vatnsvernd og hreinsun fráveituvatns, svo samstarfið er verðmætt. Við aðstoðuðum við kynningu á námskeiði um mengunarsýnatökur og morgunverðarfundum um mengun í jarðvegi. Þar var Baldur Dýrfjörð, stjórnarmaður í VAFRÍS og lögfræðingur HS veitna með erindi um áskoranir í vatnsvernd auk framlags frá Erlu Guðrúnu formanni Fumís og Dr. Reiner Lohmann. Dr. Lohmann var gestkomandi frá Rhode Island háskólanum í Bandaríkjunum, en stjórnarfolk úr VAFRÍS tók einnig þátt í skipulagi opins fundar þar sem hann fjallaði um þrávirk mengunarefni í hafinu, þó sá fundur hafi ekki verið á vegum félagsins.

Við höldum einnig opinn fund um þróun fráveituregluverks Evrópusambandsins og aðlögun þess hér á landi. Ég sjálfur fjallaði um nýlega tilskipun ESB og hvað myndi gerast ef hún yrði innleidd óbreytt. Sigurbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskra stjórnvalda í Brussel, útskýrði ferlið sem hefst á vettvangi EES samningsins eftir samþykkt tilskipana í ESB og hvernig íslensk stjórnvöld vinna með nýsamþykktu fráveitutilskipunina.

Og nú í vor ræddum við loks eldvirkni og vatnsöflun á einstaklega vel heppnuðum fræðslufundi. Þetta er málefni sem við í stjórninni höfum lengi viljað fjalla um, og það var frábært að fá framlag frá Veðurstofu Íslands, HS Orku og ÍSOR. Almennir félagar tóku að vanda virkan þátt í umræðum.

Talandi um virkni félaga—við í stjórninni gleðjumst alltaf þegar þið deilið efni á miðlum félagsins. Ég hvet ykkur hiklaust til að gera meira af því. Við leggjum okkar framlag, en áhugasvið okkar litast af því sem við fjöllum um. Fjóla, Aldís og Hólmfríður bentu félögum á tækifæri til símenntunar, sem er gott að hafa í huga nú þegar geirinn gæti tekið miklum breytingum. Hólmfríður deildi einnig fréttum af leiðbeiningaútgáfu Umhverfis- og orkustofnunar, sem hefur verið styrkt á síðustu misserum.

Heiðar á Vista sendi okkur sígilda mynd af brunnloki í Lissabon—því ekkert táknar áhuga okkar betur en falleg brunnlokamynd! Sigrún deildi myndbandi af rekstrartruflun í þrýstilögn, Þorsteinn Narfi varpaði fram vangaveltum um leiðir til að hindra dreifingu rusls með fráveituvatni, og Olgeir Örlygs á Veitum deildi spennandi fréttum af frumkvöðlastarfi í fóðrun vatnsveitulagna.

Þetta er það helsta sem ég vildi nefna. Ég ætla ekki að vera hossa eigin innleggjum eða framlagi stjórnarinnar, en ég mæli með að renna yfir Facebook-hópin okkar annað slagið—þar er margt áhugavert að rifja upp.

Að lokum vona ég að þið njótið samverunnar hér í dag og heimsóknarinnar til Hreinsitækni eftir fundinn. Dagskránni ætti að ljúka áður en opinn fundur um skipulag vatnsverndarsvæðisins í Heiðmörk hefst, og ég gæti trúað að einhverjir vilji kíkja þangað.

Takk fyrir liðið starfsár—og njótið dagsins sem best!

Reykjavík 28. maí 2025.

Hlökkver Stefán Þorgeirsson,

formaður Vatns- og fráveitufélags Íslands starfsárið 2024 – 2025.